

Opið fyrir athugasemdir til 2. maí 2023.

Umsagnir bárust frá 5 aðilum:

- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Míla
- Súðavíkurbreppur
- Bolungarvíkurkaupstaður

Athugasemdir bárust frá 16 aðilum:

- Kolbrún Sverrisdóttir
- Jóna Benediktsdóttir og Henry Bæringsson
- Magnús Þór Bjarnason
- Satu Rämö
- Sara Björgvinsdóttir
- Sigurður Hreinsson
- Haukur Sigurðsson
- Þór Ólafur Helgason
- Indriði Kristjánsson
- Ómar Smári Kristinsson og Nína Ivanova
- Hjörtur Grétarson
- Hlynur Snorrason
- Björgvin Hilmarsson
- Auður Arna Höskuldsdóttir
- Íbúar og íbúðareigendur að Fjarðarstræti 2, 4 og 6
- Kerecis hf

Ísafjarðarbær

Guðmundur Rafn Kristjánsson

Hafnarstræti 1

400 Ísafjörður

Reykjavík, 14. apríl 2023
UST202303-199/B.S.

10.04.02

Efni: Umsagnarbeiðni vegna kynningar á vinnslutillögu vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Landfylling. Umsögn

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar dags. 17. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda skipulagsbreytingu.

Fram kemur í greinargerð að stór hluti Skutulsfjarðareyrar er landfylling þannig að ekki er um algerlega nýja landmótun að ræða. Ráðgert er að not dýpkunarefni í landfyllinguna í stað þess að varpa þessu efni í hafið. Í sjóvarnir verður sótt grjót í gamlar námur annars vegar í Dagverðardal og hins vegar í Austmannsfall. Í greinargerð kemur fram að ef landfylling verður „opin“ verði sótt um leyfi til varps í hafið hjá Umhverfisstofnun.

Hér er um að ræða viðbót við landfyllingar sem fyrir eru, fjaran norðan Eyrar er einnig síbreytileg vegna efnisflutninga.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillöguna en bendir á að skoða eigi hvort mögulegt sé að móta landfyllingu með svipuðu formi og sýnt er á mynd 4 í greinargerð í stað þess að ný strönd verði þráðbein. Skoða ætti hvort „nýr vogur“ Norðan Eyrar myndi stuðla að aukinni setmyndun og myndun nýrrar fjöru sem nýst gæti til útivistar.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson, *sérfræðingur*

Axel Benediktsson, *sérfræðingur*

Ísafjarðarbær
B.t. Guðmundur Rafn Kristjánsson
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstæri 1,
400 Ísafjörður



Efni: Íbúðarbyggð á landfylling norðan Skutulsfjarðareyrar – breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Vísað er til erindis starfsmanns skipulagsviðs Ísafjarðarbæjar dags. 17.03, sl. þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar um ofangreinda tillögu. Vegagerðin hefur yfirfarið breytingartillögu skv. 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd við tillögu.

Stofnunin bendir á að samráð þarf að hafa við Vegagerðina ef gert er ráð fyrir tengingu við Djúpveg (61-42) í deiliskipulagi.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR

Míla Bragi Már Bragason

bragib@mila.is

Tp 17.03.2023 kl. 14:18

Míla gerir engar athugasemdir við tillögurnar eins og þær eru fram settar <https://www.isafjordur.is/static/files/Skipulag/Adalskipulagsbreyting/askbr-landfylling-eyri-id-239567-.pdf>

Við væntum þess þó að leitað verði til okkar þegar kemur til framkvæmda við fyrirhugað hringtorg, sem og við aðra gatnagerð á svæðinu.

Bestu kveðjur | Best regards,

Bragi Már Bragason

Verkfræðingur - Grunnkerfi

T: (+354) 585 6222

M: (+354) 858 6222

Súðavík 19. apríl 2023

Ágæti viðtakandi,

Vísað er til umsagnabeiðna til Súðavíkurrepps vegna aalskipulagsbreytinga á gildandi aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 — íbúðabyggð á landfyllingu norðan Skutulsfiarðareyrar og Ofanflóðavarnir á Flateyri samanber meðfylgjandi skipulagslýsingar, tp. dags. 17.3.2023 og tp. 3.4.2023.

Á 10. fundi sveitarstjórnar Súðavíkurrepps var farið yfir þær umsagnarbeiðnir sem hér eru nefndar. Sveitarstjórn Súðavíkurrepps veitir jákvæða umsögn vegna beggja breytinga sem taka til landfyllingar norðan Skutulsfiarðareyrar og Ofanflóðavarna á Flateyri samkvæmt ákvörðun fundar.

Þetta staðfestist hér með.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Súðavíkurrepps


Súðavíkurreppur
Kt. 630269-4589
Bragi Þór Thorgeirsson – sveitarstjóri Súðavíkurrepps.
Grundaalstræti 3

Bolungarvíkurkaupstaður finnboqi@bolungarvik.is Tp 19.04.2023 kl. 11:21

Góðan dag

Umhverfismálaráð Bolungarvíkur tók fyrir á fundi sínum umsagnarbeiðni v/breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 landfylling og var afgreiðsla þess eftirfarandi:

2. Umsagnarbeiðni v/breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

málsnr. 2108-007

Erindi frá umhverfis og eignasviði Ísafjarðarbæjar þar sem óskað er eftir umsögn á vinnslutillögu vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 landfylling.

Umhverfismálaráð gerir athugasemd við vinnslutillögu vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 þar sem huga mætti betur að þjóðvegi 61 í gegnum skipulagssvæðið vegna aukinnar umferðar.

Bókun umhverfismálaráðs var svo staðfest á fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkur 17. apríl sl.

Með kveðju



Bolungarvíkurkaupstaður

Finnbogi Bjarnason

Skipulags og byggingarfulltrúi

finnbogi@bolungarvik.is

byggingafulltrui@bolungarvik.is

+354 8639934

Kolbrún Sverrisdóttir

kolbrunsverris@internet.is Tp 02.05.2023 kl. 21:50

Innsend athugasemd 2.mái 2023 vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna íbúðarbyggðar á landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar .

Til þess er málið varðar :

Ég undirrituð kem hér með á framfæri athugasemdum við fyrirhugaða framkvæmd.

Þegar ég keypti húseignina Fjarðarstræti 35 á Ísafirði árið 1997 þá vóg það hvað þyngst að hafa útsýni ekki yfir í næsta hús heldur þetta magnaða útsýni sem Fjarðarstrætið hefur uppá að bjóða.

Í gegnum árin hefur svo skapast hér fyrir framan fjara sem ég held að ekki allir geri sér grein fyrir hversu mikil verðmæti eru í þá vísa ég í bæði leik og störf .

Ég get borið vitni um það að fjaran er verðmæt m.a.Grunnskólanum sem fer oftast en ekki þangað með nemendur sína í leik og kennslu ,ferðamenn eiga ekki orð um þá fegurð sem þar er að finna, fjölskyldur sækja í auknu mæli þangað með börn og svo mætti lengi telja.

Megin markmið með þessu bréfi er að benda á að við þennan gjörning bara það sem snýr að mér er að húsið mitt mun lækka í verði komi þetta til framkvæmda og ekki bara það ,líklega mun ekki vera líft í því á meðan aðgerðir standa yfir og einhvern tíma þar á eftir vegna sandfoks .

Ég vil líka fá svör við því hver ber ábyrgð á tjóni því sem kynni að verða á bílum gleri og klæðningum á húsum verði þau fyrir tjóni þegar norðanáttin sem er sterkt ríkjandi hér ryður sandinum yfir hverfið.

Ég tel að það sé ekki búið að fullrannsaka aðra kosti og þessi aðgerð sé gerð til að bjarga einhverju klúðri sem hefði auðveldlega mátt komast hjá með almennri fyrirhyggju.

Eflaust munu margir telja við lestur þessa bréfs að ég sé sjálfhverf og hugsji bara um það sem snýr að mér ,mér ekki bara óar við því að þetta verði gert heldur stafar mér hreinlega ógn af því heilsufarslega séð .

Ég áskil mér því rétt á að hafa skoðun á málinu og sækja minn rétt verði þetta að veruleika og trúfli það að ég geti búið á mínu eigin heimili sökum sandfoks og annarra hluta sem geta komið upp við þessa framkvæmd

Fáar framkvæmdir eru sennilega að hafa jafn mikil sjónræn áhrif og mannvirki sem breyta ásýnd landsins gríðarlega og varanlega.Þetta er auk þess algjör forsendubrestur á kaupum húsnæða sem fyrir eru .Það eru gríðarlegir hagsmunir í útsýni sem skerðist við nýja byggð og hafstraumar breytast við svona aðgerðir .Það eitt og sér hefur mikil áhrif á innsiglingu og lífríki.

Það hlýtur að teljast mikilvægt þegar nóg er til af byggingalandi að vernda leirur og voga sem eftir eru ósnertir.Ómanngerð náttúra mun vafalítið auka gildi bæjarins á þessum stað í framtíðinni .

Að lokum vil ég hvetja þá sem um þetta mál fjalla að hugsa sig mjög vel um áður en þið takið þessa afdrifaríku ákvörðum. Með vinsemd og virðingu Kolbrún Sverrisdóttir Fjarðarstræti 35 Ísafirði

Athugasemd við breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar

Landfylling norðan Skutulsfjarðareyrar

Við húseigendur að Fjarðarstræti 39, 400 Ísafirði mótmælum fyrirhuguðum áformum Ísafjarðarbæjar um landfyllingu á norðanverðri Skutulsfjarðareyri. Lóðin við Fjarðarstræti 39 hefur átt beint aðgengi og útsýni að sjávarsíðunni í yfir 140 ár og teljum við hefðarrétt kominn á það aðgengi. Með byggingum á landfyllingar svæðinu yrði það aðgengi takmarkað og útsýni til sjávar frá húsinu skert. Við teljum þetta verulega breytingu á þeim gæðum sem fylgja húseign á þessum stað og þar með yrðu bæði efnisleg og óefnisleg gæði sem við njótum á eign okkar í dag verulega skert.

Þá er fjaran við Fjarðarstræti vinsæll útivistarstaður og þessar breytingar myndu takmarka aðgengi fólks að fjörunni til frambúðar og þannig skerða lífsgæði almennings á svæðinu.

Þá föllumst við ekki á þau rök Ísafjarðarbæjar að þessi framkvæmd sé nauðsynleg vegna lóðaskorts þar sem enn er ekki fullbyggt í Tunguhverfi og aðrir möguleikar,, svo sem landið fyrir neðan Holtahverfi, ekki fullnýttir þannig að vel er hægt að útbúa byggingarlóðir án þessarar framkvæmdar.

Jóna Benediktsdóttir og Henry Bæringsson, eigendur að Fjarðarstræti 39, 400, Ísafirði

Magnús Þór Bjarnason maggibjarna@gmail.com **Tp 02.05.2023 kl. 10:27**

Hæ

Ég er einn þeirra sem fagna þessum áformum og fagna að málið sé komið á skipulagsstig. Stofuglugginn að Hlíðarvegi 26 (húsið er stundum kennt við Jón Kr.) er stúkkusæti að byggingarsvæðinu og á síðastliðnum 6 til 7 árum hef ég séð fjöruna stækka gífurlega út. Þegar norðan stormarnir koma þá verður sjórinn frá Krók að Grjótaþorpi mórauður af sandburði og mikið efni er að berast af Hnífsdalsvegi og Óshlið inn í fjörðinn. Straumarnir í firðinum ganga inn að vestan og út að austan, við straumskilinn hjá Norðutanganum er sjórinn í norðanstormunum aftur á móti ólitaður og blár. Fjaran fyrir neðan Grjótaþorpsblokkina teygist aftur á mót inn í sundið og það þarf að stoppa. Það er því mikið efni sem er að berast inn að eyrinni og við verðum að verja höfnina.

Með því lengja Norðurtangan út með byggð og fyrirstöðugarð mun myndast ný fjara og ráðlegt er að hanna aðkomu almennings að slíkri fjöru. Því fyrirsjáanlegt að fjara eftir stækkun muni ná frá Króknum að fyrirhuguðum fyrirstöðugarði og mynda huggulega vík sem mun nýtast til útvistar, skemmtunar og almennrar ánægju.

Stækkun byggðar mun gefa færi á því að lengja og færa holræsislagnir í bænum. Það væri gott að geta tekið lagnir sem nú fara í pollinn yfir sundið og í strauminn sem gengur út fjörðinn. Nota byggðina og fyrirstöðugarð til þess að leiða holræsi bæjarins sem mest út úr pollinum og sundinu svo það verði sem hreinast og bæjarprýði.

Kostir þess að stækka eyrina til norðurs eru mjög margir. Stækkun eyrar felur í sér nýtt byggingarland utan ofanflóðahættu og styrkir bíllausan lífstíl þ.s. flest þjónusta er í göngufæri og á flatlendi. Stækkun á svæðinu mun bæta rekstrargrundvöll fyrir verslun og þjónustu og skapa skilyrði til vaxtar, þannig vinna á mót samdráttar miðbænum undanfarin ár. Aukning byggðar á eyrinni getur því bætt lífsgæði okkar bæjarbúa. Ísafjörður er rýr af byggingarlandi og nota verður allt land vel, því væri gott að sjá frekar hátt nýtingarhlutfall á þeim lóðum sem þarna myndu myndast. Góð þéttni myndi einnig hafa í för með sér aukna arðsemi af framkvæmdinni þar sem byggð upp á ca 500 manns gæti vel falið í sér tekjur upp á 1,5 milljarð á ári í útsvari og fasteignagjöldum.

Miðað við stöðuna í dag þá stefnum við í vaxtaskeið sem gæti staðið yfir næstu 10 árin, við verðum að vera búin undir að bregðast við þessum vexti og taka á móti honum. Stækkun eyrarinnar eru gott skref í rétta átt.

Kveðja

--

Magnús Þór Bjarnason
Hlíðarvegi 26
400 Ísafirði

1.5.2023, Ísafjörður

Landfylling norðan Skutulsfjarðareyrar

Athugasemdir vegna fyrirhugaðrar landfyllingar í Skutulsfirði

Meira byggingarland á Ísafirði?

Það kemur fram að markmið aðalskipulagsbreytingarinnar sé að auka byggingaland á Ísafirði.

Er lausnin að fá nýja landfyllingu? Er það áhrifaríkasta, ódýrasta, fallegasta og skynsamlegasta leiðin til að fá meira byggingaland?

Það er heilmikið af ónýttum lóðum á Eyrinni sem mætti nýta betur. Alltof mikið af bílastæðum og óþéttri byggð. Nær að skipuleggja betur en að eyða peningum í landfyllingu sem er óþörf.

Eyðilegging fjörunnar

Með þessari landfyllingu er falleg og mikið notuð fjara eyðilögð. Margir segja "fjaran kemur aftur". Já kannski eftir 10-30 ár (?) Landfylling tekur fjöruna frá börnum og fullorðnum sem eru núna að lifa og leika sér þar. Þetta er gríðarstaður í bænum og það væri mikill missir af henni.

Fjaran er löng og falleg og mjög mikið notuð. Leikskólabörn fara þar að leika með starfsfólkinu, skólabörnum finnst gaman að leika sér þar og safna steinum og skeljum. Fólk fer þar út að labba með hundana sína. Á sumrin nota ferðamenn fjöruna mikið, taka myndir og myndbönd, sitja á steinum og hvíla sig í ró og næði.

Það er ýmislegt sem bærinn getur gert fyrir það fjármagn sem annars færi í þessa framkvæmd. Mér þykir illa farið með skattfé, að nota þá í eitthvað sem ekki er nauðsynlegt.

Með bestu kveðju

Satu Rämö

MS in Econ., BA í íslensku

Íbúi á Ísafirði

Saga Björgvinsdóttir

saga@retro.is

Tölvupóstur 01.05.2023 kl. 17:20

Hæ,

Ég vil mótmæla því að það verði fyllt upp í fallegu fjöruna okkar við Fjarðarstrætið. Það er fullt af plássi til að byggja hús á, t.d. fullt af bílastæðum sem lítið eru notuð.

Vona að þið notið alla peningana í eitthvað viturlegra.

Kær kveðja,

Saga
Fjarðarstræti 32b

Góðann dag.

Get ekki annað en nýtt tækifærði og komið með nokkur orð um auglýsta tillögu að breytingu aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

Í tillögunni er gert ráð fyrir landfyllingu á norðanverðri Eyrinni.

Í grunninn er ég jákvæður fyrir tillögunni.

Vissulega hafa áformin neikvæð áhrif á eigendur/íbúa ákveðins fjölda íbúða við Fjarðarstræti, aðallega. Þe. fyrirhuguð íbúðarbygging mun skerða útsýni og þar af leiðandi lífsgæði þeirra.

Neikvætt er fjara sem undanfarin ár hefur verið að myndast þarna aftur, mun hverfa undir fyllingu, en þess ber þó að geta að það er varla að hægt sé að telja þá fjöru sem náttúrulega, eða í það minnsta þá hefur hún sér ekki langa forsögu.

Það sem verður að teljast jákvætt er að nýta það mikla magn af sandi sem á eftir að dæla upp úr sundunum, í stað þess að varpa því í sjóinn.

Byggingarlóðir sem geta skapast við þessa framkvæmd, munu laða að íbúa sem munu ljóta umtalsverðra lífsgæða, með útsýni út fjörðinn og búsetu í nágrenni við miðbæ Ísafjarðar og alla þá þjónustu sem þar er í boði.

Áformin gefa því von á fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.

Vinna má gegn neikvæðu þáttum sem fylgja því að núverandi fjara hverfi, með því að dæla sandi utan á væntanlegann grjóttgarð og mynda með þeim hætti nýja fjöru eða amk. flýta fyrir myndun nýrrar fjöru.

Vissulega er það þannig þegar hugmyndir sem þessar eru viðraðar, að einhverjir íbúar kunna að verða fyrir neikvæðum áhrifum af framkvæmdinni, með skerðinug útsýnis. Þegar um er að ræða húsnæði í þéttbýli, tel ég einsýnt að sú hættu sé ávallt til staðar og viðbúin.

Í heildina held ég að fyrirhuguð landfylling sé skynsamleg fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Því er ég sammála áformunum.

Bestu kveðjur
Sigurður Hreinsson
kt. 150571-4729

Haukur Sigurdsson haukur@haukursig.com **Tp 25.04.2023 kl. 14:40**

Ég lýsi hér með yfir vanþóknun á fyrirhugaðri landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar. Fjaran sem myndast hefur undanfarin ár hefur orðið eitt vinsælasta útivistarsvæði bæjarins, en eins og allir vita þá draga fjörur almennt að sér líf og fjör, ásamt fjársjóði ýmis konar frá hafinu sem forvitnir yngri bæjarbúar kunna vel að meta.

Ljóst er að fjöldi auðra lóða eru á eyrinni, svo ekki eru það rök með landfyllingu.

Suðurtangi hefur verið hálfgerð eyðimörk og ruslasvæði í 30 ár, og til skammar fyrir bæinn. Töluverðar líkur eru á að fyrirhuguð landfylling verði svipuð sem mun hafa hræðilegt áhrif á ásýnd bæjarins í fjölda ára.

Engar fleiri landfyllingar, takk. A.m.k. ekki fyrr en raunveruleg þörf er á - og þar sem þörf er á.

Virðingarfyllt,
Haukur Sigurðsson

Pór Ólafur Helgason alfaborg@gmail.com **Tp 21.04.2023 kl. 00:54**

Sælt veri fólkið.

Með allt þetta efni sem verið er að dæla upp úr sundahöfninni á auðvitað að nota það til landfyllingar, ég ólst upp að hluta til í gömlu fjörunni við Fjarðarstræti 18 þar sem amma og afi minn áttu heima. Þar var ekki sandfjara nema þegar útfall var annars bara fjörugrjót en mikið líf og fjör var þarna oft, síðar var búin til uppfylling undir Grjótaþorpið og síðar fyllt upp upp að Íshúsfelagi, var mikið talað þá um að búið væri að eyðileggja fjöruna en hvað skeði. Sandfjara frá Grjótaþorpi upp að Íshúsfelagi. Sama myndi ske ef fyllt yrði upp aftur með nýrri landfyllingu upp með Fjarðarstræti og er það bara snilldarhugmynd og ætti að fara strax í það og nýta það efni sem til fellur.

Mæli með því.

Bestu kveðjur Pór Ólafur Helgason

Indriði Kristjánsson indridi@telus.net Tp 19.04.2023 kl. 18:46

Sæl Arna Lára,

Takk fyrir hvatningu þína og kveðju. Fyrirgefðu seinlæti mitt að hafa ekki samband fyrr.

Það var gaman að sjá að þið eruð að hugsa þessi mál á svipuðum nótum. Varðandi þessa uppfyllingu sem fyrirhuguð er þá var ég einmitt að skoða hana í Bæjarins Besta núna áðan. Mér sýnist sem athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu þurfi að berast fyrir morgundaginn svo ekki er seinna vænna.

Já mig langar endilega að koma með hugmyndir bæði varðandi þessa uppfyllingu og hugsanlega fleiri í framtíðinni. Ef við lítum fyrst á fyrirliggjandi tillögu þá hef ég þetta að segja:

1. Mér sýnist sem þessi tillaga sé góð en skorti þó betra skipulag og markmið.
 - a. Samkvæmt upphaflegri legu og gerð eyrarinnar þá myndaðist fjara meðfram eyrinni að norðanverðu í sömu stefnu og Fjarðarstrætið er ? nokkuð sem glataðist að hluta með núverandi fyllingu.
 - b. Með þessu nýja skipulagi glatast þessi stefna ennfremur þar, sem fyrirhuguð fylling tekur ekki mið af upphaflegri stefnu heldur er tekið nýtt viðmið sem skekkir upphaflega legu verulega og breytir auk þess ímynd eyrarinnar frá því sem áður var.
2. Í ljósi framangreinds set ég fram eftirfarandi tillögur:
 - a. Fyrirhugaðar breytinga taki mið af upphaflegri legu eyrarinnar með nýjum viðmiðunarpunkti norðan við Sólgötu. (fylling norðan við Sólgötu verði færð fram um ca. 150 ? 250 metra).
 - b. Fyrirhuguð fylling í Norðurtanga haldist en stefna í átt að Prestabugt verði færð í norður til samræmis við upphaflega legu eyrarinnar.
 - c. Grjótgarður sem fyrir er verði færður fram til samræmis við fyrirhugaða fyllingu.
 - d. Gert verði ráð fyrir sandburði meðfram fyllingun þannig að ný fjara geti myndast með sömu stefnu og upphaflega fjara við Fjarðarstrætið var.
 - e. Ný fylling verði gerð í sveig frá nýjum viðmiðunarpunkti við Sólgötu meðfram Hnífsdalsvegi í átt að Pétursborg. (Þetta er viðbótarhugmynd sett fram til jafnvægis við fyllingu sem þegar er fyrir Pollmegin á eyrinni). Meiri landfyllingar eru mögulegar í norðurátt þegar fram líða stundir.

Allar ofanskráðar tillögur eru settar fram með heildstætt útlit eyrarinnar í huga. Með núverandi hugmyndum skekkist útlitið og myndræn áferð verður ekki söm og áður. Hagnýtt gildi til íbúðabyggðar skerðist ennfremur og verður ekki eins stílhreint og það myndi verða ef ofanskráðar athugasemdir og tillögur yrðu teknar til greina.

Kær Kveðja

Indriði

Ómar Smári Kristinsson mynd@snerpa.is Tp 19.04.2023 kl. 17:11

Ágætu fulltrúar okkar í Ísafjarðarbæ

Í nóvember 2021 skrifuðum við Nína umsögn um fyrirhugaða landfyllingu með Fjarðarstræti. Síðan þá hefur verkefnið verið kynnt betur fyrir okkur. Okkur þykir því öruggast að senda aftur athugasemdir þar sem þær gömlu eru í sumum atriðum orðnar úreltar.

Athugasemdirnar frá nóvember 2021:

Við fögnum þeirri bjartsýni sem ríkir í sveitarfélaginu. Það að ætla að skapa landrými fyrir fleiri íbúa er gleðiefni. Í skipulagslýsingunni er réttilega bent á að það borgi sig að nýta tilfallandi efni sem næst staðnum þar sem því er mokað upp. Þar er einnig talað lauslega um hvað gera skuli við nýja svæðið sem þá verður til. Fyrir okkur eru lýsingarnar allt of ónákvæmar og loðnar til að við séum reiðubúin að samþykkja þessa ráðagerð að svo komnu máli. Það þarf að veða og meta hvað er unnið og hverju er tapað. Miðað við hve lítið er fast í hendi óttumst við að mun meira tapist en það sem verður áunnið.

Tapast mun fallett og notadrjúgt útivistarsvæði sem hefur ótvírætt gildi fyrir andlega og líkamlega heilsu fólks. Fara þarf langt til að komast í annað sambærilegt. Við óttumst að útsýni muni tapast. Það fer þó eftir því hvernig mannvirkjum verður komið fyrir. Við sem búum næst landfyllingunni munum tapa loft- og hljóðgæðum meðan á framkvæmdum stendur (sandfok í ríkjandi norðanátt er t.d. ekki tilhlökkunarefni).

Sjálf munum við tapa sálarró af ótta við að fyrirætlanir um landnýtingu breytist eftir að fyllt hefur verið upp; að þarna verði iðnaður eða ruslageymsla eða hraðbraut.

Áunnist gæti ýmislegt. Það væri hægt að vinna þetta þannig að hluti strandarinnar héldi sér og yrði aðgengilegri en nú er. Teikningin sem lögð er fram með skipulagsskýrslunni bendir ekki til að svo verði. Það er hægt að skipuleggja byggð þannig að núverandi og tilvonandi íbúar fái notið útsýnisins út á Djúp. Í samfélagi skyndilausna finnst okkur ólíklegt að það gerist.

Okkur finnst öll ráðagerðin lykta af skyndilausn. Var ekki vitað fyrirfram hversu mikið efni kæmi upp úr Sundunum? Hér er of mikið í húfi til að "gera bara eitthvað við þennan sand". Þetta landfyllingarefni er verðmæti sem þarf að nýta rétt og vel.

Uppfærðar athugasemdir (apríl 2023):

Við fögnum þeirri bjartsýni sem ríkir í sveitarfélaginu. Það að ætla að skapa landrými fyrir fleiri íbúa er gleðiefni. Í tillögu til breytingar á aðalskipulagi er dregin upp falleg mynd af fyrirhuguðu hverfi, þar sem staðaranda Eyrarinnar skuli viðhaldið, umferð verði róleg með áherslu á gangandi og hjólandi og að fólki skuli tryggt aðgengi að fjöru.

Þetta er fögur framtíðarsýn en það er þrennt sem við ýmist vitum (1 og 3) eða óttumst (2) að muni gerast:

1) Glatað útivistarsvæði

Tapast mun fallett og notadrjúgt útivistarsvæði sem hefur ótvírætt gildi fyrir andlega og líkamlega heilsu fólks. Fara þarf langt til að komast í annað sambærilegt. Bent er á möguleika til að skapa nýja sandfjöru frá Ísúsi að núverandi slökkvistöð. Bæði er hún mun minni en núverandi fjara og mun taka áratugi að myndast.

2) Breytt áform

Dæmin sanna að hægt er að breyta skipulagi. Við óttumst að fyrirætlanir um landnýtingu breytist eftir að fyllt hefur verið upp; að þarna verði iðnaður eða ruslageymsla eða hraðbraut. Það væri hræðilegt. Annað sem væri slæmt (þó ekki hræðilegt) væri ef hönnun íbúðarsvæðisins væri klúðrað. Það sem við, íbúar við Hrannargötu, óttumst helst í því tilliti er að útsýni okkar út á Djúp verði eyðilagt.

3) Framkvæmdaferlið

Við sem búum næst landfyllingunni munum tapa loft- og hljóðgæðum meðan á framkvæmdum stendur (sandfok í ríkjandi norðanátt er t.d. ekki tilhlökkunarefni). Við getum ekki vitað hversu stóran hluta þess sem við eigum eftir ólifað verði varið við svo skert lífsgæði.

Á heildina litið teljum við að staðurinn sem við völdum til að lifa lífi okkar á verði minna æskilegur með tilkomu fyrirhugaðra framkvæmda.

Með góðri kveðju og ósk um farsæla lausn,

Ómar Smári Kristinsson, 061067-3379

Nína Ivanova, 251267-2009, íbúar í Hrannargötu 8

Hjörtur Grétarsson hjortur.gretarsson@gmail.com Tp 19.04.2023 kl. 15:05

Daginn.

Legg til að norðurtanginn verði lengdur í breyttri tillögu og gerður útsýnisstaður sem gæti hentað vel fyrir útivistafólk og túrista, t.d. farþega skemmtiferðaskipa. Einnig yrði sú breyting líkleg til þess að sandur safnist í fjöruna eftir stækkun sem yrði þá ákjósanlegt útivistasvæði. Sandur bærisk síður inn sundin.

Bestu kveðjur.

Hjörtur Grétarsson

hjortur.gretarsson@gmail.com +354 6939338

<http://is.linkedin.com/in/hjorturgretarsson/>

Hlynur Snorrason snorrason1963@me.com Tp 12.03.2023 kl. 16:09

Góðan daginn.

Ég vil lýsa ánægju minni með þau áform Ísafjarðarbæjar, að stækka eyrina með þeim hætti sem lýst er í tillögu sem nú hefur verið kynnt, norðan Skutulsfjarðareyrar.

Mikil nauðsyn er að stækka byggingarlandið, enda erfitt um vik bæði hvað umferð og land til nýbygginga og annarra athafna.

Styð þessa tillögu heilshugar.

Hef búið á Ísafirði undanfarin 40 ár og stoltur af því.

Bestu kveðjur
Hlynur Hafberg Snorrason
Móholt 8,
400 Ísafirði.

Athugasemdir við breytingartillögu:

Íbúðabyggð á landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar

Björgvin Hilmarsson, íbúi að Fjarðarstræti 32b

19. apríl, 2023

Ég vil hér með mótmæla tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar: „[Íbúðabyggð á landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar](#)”.

Nokkrar af neikvæðum afleiðingum þess að fara út í landfyllingu norðan Eyrar:

- Ef af þessari landfyllingu verður mun þurfa að eyðileggja Fjarðarstrætisfjöruna en hún er fallett og mikið notað útivistarsvæði, alger vin í bænum.
- Útsýni íbúa húsa við allt Fjarðarstræti mun skerðast mikið.
- Skemma þarf fullkomlega góðan og fjölfarinn göngustíg.
- Sandfok á framkvæmdatíma (og líklega lengur) sem er viðbúið að verði vegna sterkrar og ríkjandi norðanáttar, mun hafa líkamleg og sjónræn óþægindi í för með sér fyrir íbúa allrar Eyrarinnar.
- Sandfok mun að öllum líkindum valda tjóni á klæðningum og glerjum húsa og jafnvel á lakki bifreiða og öðru. Ef til koma skemmdir vegna þessa verður augljóslega farið fram á bætur frá Ísafjarðarbæ.
- Svæðið sem þarna myndast mun að öllum líkindum safna drasli um langt árabíl áður en (og ef) farið verður að byggja yfirleitt, rétt eins og dæmin sanna.
- Efnið sem færi í þetta ætti frekar að nýta í að lagfæra Pollgötumegin þar sem varnargarður hefur sigið mikið og algerlega vantar göngu og hjólastíg.
- Núverandi aðalskipulag gerir ráð fyrir ríflega 200 íbúðum í Skutulsfirði sem geta rúmað 500 manna byggð en það framboð er umfram vænta fólksfjölgun.
- Kostnaður við þessa framkvæmd er mikill, framkvæmd sem er í raun óþörf. Nær að nýta fjármuni í aðkallandi verkefni sem annars þarf að hætta við eða fresta.
- Framkvæmd við landfyllingu sem þessa er orkufrek og veldur losun gróðurhúsalofttegunda.

Ég mótmæli því jafnframt að ekki séu aðrir kostir metnir nákvæmar og íbúum gefinn kostur á að heyra meira um þá. Eins og ég kem inn á hér að neðan má færa rök fyrir því að aðrir kostir séu betri en sá sem um ræðir hér en þeir fá þó ekki sambærilega umfjöllun eða samanburð við aðra kosti.

Það hefur verið mikill skortur á upplýsingum varðandi þetta mál almennt og lítið samráð haft við íbúa. Á fundi með íbúum í september 2022, þar sem umrædd tillaga var kynnt (þá nánast fullmótuð) kom fram sú gagnrýni að það væri bara verið að tefla fram einum kosti en ekki leggja fram nokkra fyrir íbúa að rýna í og mynda sér skoðun á. Þessi gagnrýni er vitanlega réttmæt. Svo má nefna að valkostagreining sem Skipulagsstofnun kallaði eftir í sínum athugasemdum á fyrstu stigum, kom svo

seint fram að sjálf Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar sá sig knúna til að bóka sameiginlega varðandi það: „**Skipulags- og mannvirkjanefnd telur ámælisvert hversu seint í ferlinu kallað var eftir valkostagreiningu og hún lögð fram. Lengri tíma hefði þurft til að meta og kynna þá valkosti sem þar eru lagðir fram.**“ (sjá fundargerð 582. fundar). Þarna er beinlínis sagt að nefndin hafi ekki getað metið kostina almennilega vegna tímapressu.

Samráð við íbúa og jafnvel þá nefnd sem hefur með málið að gera, hefur sem sagt verið í mýflugumynd og allt ferlið varðandi ákvarðanatöku mjög gallað.

Valkostagreining Verkís styður ekki afgerandi að sá kostur sem hér er lagður fram sé bestur og ekki hefur verið sýnt fram á að þörf sé á að fara út í landfyllingarframkvæmdir á þeim forsendum að land undir íbúðasvæði vanti, annað sýna gögn í málinu. Hvatinn að þessu öllu saman er fyrst og fremst sá að „ókeypis“ efni sé í vændum, frekar en að raunverulega sé þörf á framkvæmdinni og hún þannig vel rökstudd.

Samkvæmt kynningunni á skipulagsbreytingunni er eitt af meginmarkmiðunum sagt vera að auka rými fyrir íbúðabygging. Því er mjög villandi og í raun illskiljanlegt að einungis annar af þeim tveimur kostum sem best uppfylla þetta setta meginmarkmið, sé tekinn út og stillt upp við hlið kostar sem ekki nær þessum markmiðum (Pollurinn) eins og gert var. Með því að greina ekki vel og vandlega þá tvo kosti sem koma út á pari skv. niðurstöðum greiningar á kostum og göllum, er raunveruleg hætta á að besti kosturinn verði ekki fyrir valinu. Hér að neðan færi ég rök fyrir því að ekki sé rétt að meta

aðeins norðan Eyrar kostinn miðað við Pollgötuna og núllkost, heldur ætti að fullmeta Mávagarðskostinn einnig og gefa fólki kost á að skoða hann.

Skv. töflu 4. í kynningu (kafla 3.4) – *Áhrif og fýsileiki fjögurra mögulegra landfyllinga* – kemur fram að Mávagarðskosturinn og norðan Eyrar kosturinn **koma alveg eins út** (jafn margir plúsar og mínusar). Því eru ekki til staðar augljós rök sem réttlæta það að taka aðeins norðan Eyrar fyllinguna til nánari skoðunar, eins og gert var, en undanskilja Mávagarðskostinn. Þvert á móti má segja að góð rök styðji það að skoða Mávagarðskostinn frekar en hinn ef eitthvað er, því **þar þarf ekki að skemma neina fjöru**. Eyðilegging Fjarðarstrætisfjörunnar er nefnilega einmitt það sem neikvæðar athugasemdir íbúa hafa snúist hvað mest um hingað til. Þegar tveir kostir eru þetta svipaðir þá þarf að bera þá vel saman en ekki undanskilja annan. Það að fjalla bara um annan kostinn kemur í veg fyrir að almenningur geti gert sér grein fyrir kostum og göllum hins.

Í kynningunni á einum stað er þetta sagt: „Í samræmi við niðurstöður greiningarinnar var ákveðið að skoða nánar landfyllingar norðan Eyrar og við Pollinn og bera saman við þann valkost að ekki verði ráðist í landfyllingu.“ **Þetta er villandi staðhæfing og óábyrgt að setja hana fram þar sem hún stangast beinlínis á við niðurstöður greiningarinnar eins og þær eru settar fram í kynningunni.** Það er nefnilega þannig að það er alls ekki augljóst út frá niðurstöðunum að landfylling norðan Eyrar sé betri kostur. Íbúar sjá niðurstöður greiningarinnar í þeim töflum sem birtar eru í kynningunni og þar koma Mávagarður og Fjarðarstrætið eins út eins og greiningin er sett upp. Í tilraun til að réttlæta það að taka norðan Eyrar kostinn til frekari skoðunar en ekki Mávagarð er þetta tilgreint: „*Landfyllingar við Mávagarð og norðan Eyrar hafa svipaða kosti og galla en m.t.t. gæða byggðar, svo sem hljóðvistar og útsýnis, og stækkunar byggingarlands var ákveðið að skoða svæðið norðan Eyrar nánar.*“ Þarna eru einhverjir ótilgreindir að handvelja einstaka þætti **eftirá** og segja þá mikilvægari en aðra, þrátt fyrir að þeir hafi ekki haft meira vægi í greiningunni. Ef þeir eiga að teljast mikilvægari þarf að gefa þeim meira vægi frá upphafi. **Sem sagt fullkomlega óvísindaleg nálgun og ekki í samræmi við fyrirfram ákveðna aðferðafræði.**

Ef verið er að gera greiningar með tiltekinni aðferðafræði og setja svo fram niðurstöður í töflum til að upplýsa almenning þá þarf að fara eftir þeim. Við lestur kynningarinnar og eftir rýningu niðurstaðna greininganna sem lagðar eru til grundvallar er einmitt **ekki hægt að draga þá ályktun að þetta sé „í samræmi við niðurstöður greiningarinnar“**. Þarna er hreinlega búið að taka ákvörðun fyrir íbúa á hæpnum forsendum og svifta þá möguleikanum á að hafa áhrif og mynda sér upplýsta skoðun.

Í töflu sem einnig er sögð vera nr. 4. (líklega missritun) og er í kafla 3.5, er bornar saman niðurstöður á mati á umhverfisáhrifum fyrir þrjá valkosti, þ.e. nógildandi skipulag (þar inni er stækkun Holtahverfis), fyllingu norðan Eyrar og fyllingar í Pollinum. Þar kemur fram að það að halda sig við nógildandi skipulag kemur best út, er með 4 plúsa nettó, meðan hinir tveir fá bara 2 plúsa nettó. **Svo út frá umhverfissjónarmiðum er vænlegast að halda sig við gildandi skipulag ef taka á mark á þessum greiningum.**

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir „*rými fyrir ríflega 200 íbúðir í Skutulsfirði sem rúma geta um 500 manna byggð.*“ **Þetta framboð er umfram vænta fólksfjölgun** eins og fram hefur komið, m.a. í valkostagreiningu Verkís síðan í mars 2022. Það er ábyrgðarhluti að fara út í óþarfa framkvæmd með miklum fjárhagslegum tilkostnaði auk mikilla umhverfisáhrifa, sé hennar í raun ekki þörf. Að auki er landfylling norðan Eyrar mjög umdeild eins og athugasemdir hafa bent til.

Meðan á framkvæmdatíma stendur mun sandfok eflaust verða töluvert, enda er norðanáttin þarna sterk og ríkjandi, með tilheyrandi óþægindum fyrir íbúa. Sandfok mun einnig hafa áhrif á klæðningar húsa og gler, jafnvel lakk á bifreiðum. Ef það koma til skemmdir vegna þessa verður augljóslega farið fram á bætur frá Ísafjaðarbæ sem eykur heildarkostnað enn frekar.

Hér hefur aðferðafræði við gerð tillögunnar sem og niðurstöður greiningarvinnunnar verið rýnd og bent á að **niðurstöðurnar styðja það ekki að landfylling við Fjarðarstræti sé með vissu besti kosturinn í stöðunni.**

Takk fyrir lesturinn.

Kær kveðja,

Björgvin Hilmarsson (kt. 220875-3509)

Fjarðarstræti 32b, Ísafirði

Afhent á Bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar.

Efni: Vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna íbúðarbyggðar á landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar.

Ég undirrituð, Auður Arna Höskuldsdóttir kt. 040956-4419 og íbúi í Fjarðarstræti 4, Ísafirði, mótmæli þessari landfyllingu og fyrirhugaðri íbúðarbygg.

- Í fyrsta lagi mótmæli ég harðlega, þar sem ný byggð myndi skyggja á mitt flotta útsýni sem varð til þess að ég keypti þessa íbúð. Ég hef óhindrað útsýni út yfir sjóinn, yfir á Snæfjallaströndina og umhverfið í kring. Ný byggð myndi eyðileggja þetta flotta útsýni og mun þessi útsýnisskerðing að öllum líkindum rýra verðgildi íbúðarinnar minnar og gera hana erfiðari í endursölu og það er ég allskostar ekki ánægð með.

Ef af landfyllingu verður þá munu húsakostir og bílar liggja undir skemmdum af sand- og moldroki í þeirri ríkjandi norðanátt sem hér er, til óákveðins langs tíma, því ekki mun uppgræðsla nást á einhverjum dögum. Hver ber ábyrgð á því ef eitthvað kemur fyrir þessar eignir mínar? Mun bæjarsjóður borga það tjón?

Einnig verður mikið rask ef af þessum framkvæmdum verður, drulla og ófriður sem verður ekki bættur og munu lífsgæði mín þar af leiðandi minnka.

Þið töluðu um 5 hektara uppfyllingarsvæði og af því yrði byggt á 3,8 hektörum. Ef ég ber þetta svæði saman við 3ja hektara tún sem ég á, þá er þetta gíkantískt landsvæði og mér óar við því á þessum stað.

Eins og kynnt var á íbúafundinum sl. haust er ætlunin að hafa veg í þessu nýja íbúðarskipulagi sem tengist með hringtorgi við íshúsfélagið á öðrum endanum og Sundstrætið á hinum endanum. Þið töluðuð um að það yrði ekki svona „vegur eins og Pollgatan“ þar sem allur þungaflutningur fer fram.

Hvernig ætlið þið að takmarka þá umferð? Með þrengingum eða hraðahindrunum? Erum við þá ekki komin með annað Fjarðarstræti sem virðist vera þyrnir í ykkar augum vegna þrengsla? Fólk fer alltaf styðstu leiðina ef þess er nokkur kostur svo þungaflutningar frá Bolungarvík munu fara um þessa nýju götu, sem er líka tilgangur ykkar.

Þið töluðuð líka um að í nýju deiliskipulagi myndu ekki risa háar byggingar á þessu uppfyllingarsvæði, nema á svæði nær Norðurtanganum. Ég bý „nær Norðurtanganum“ og er þess vegna algjörlega mótfallin þessu, því allar byggingar munu skyggja á mitt flotta útsýni.

Þó svo að það sé ykkar sýn að húsin eigi að vera lágrest á hluta uppfyllingar, þá getur verið komin önnur bæjarstjórn þegar komið er að byggingum á þessu umrædda svæði. Sú stjórn getur

haft allt aðra sýn á byggingarstærð á þessu svæði og geti farið fram á hærri byggingar, þannig að það er engan veginn hægt að treysta neinu í þessum efnum.

- Í öðru lagi er með þessari landfyllingu verið að eyðileggja einu fjöruna sem er til hér á Ísafirði. Með þessari landfyllingu mun það taka ca. 15- 20 ár að fá aftur svona flotta útivistarfjöru, þannig að bæjarbúar munu missa af þessu frábæra útivistarsvæði næstu ca. 15-20 árin.

Það er dálítið mótsagnarkennt sem kom fram á þessum umrædda fundi, þar sem þið töluðu um að þið mynduð leggja áherslu á að ná fram góðri fjöru en það kom hvergi fram að það tekur öll þessi ár að mynda hana aftur.

Fjara hefur alltaf verið aðdráttarafi bæði barna og fullorðinna. Ég veit það, þar sem ég ólst upp við fjöru í Sundstrætinu eða þar til uppfylling var gerð þar og sú fjara eyðilögð. Þar hefur aldrei myndast aftur þessi svokallaða fjara.


Núna þegar ég bý hér í Fjarðarstrætinu get ég sagt að það sé nánast á hverjum degi sem krakkar og fullorðið fólk sé á gangi eða í leik í fjörunni og er það frábært.

- Í þriðja lagi þá er landfylling norðan eyrar ekki besti kosturinn eins og kom fram á kynningarfundinum. En það er landfyllingin við Mávagarð aftur á móti. Sú landfylling myndi ekki skemma neina fjöru eða hefta útsýni þeirra íbúa sem búa á því svæði.

Ef þið viljið losna við allt þetta efni þá er fullt af öðrum stöðum sem hægt er að nýta það í. Súðvík myndi fá allt það efni sem þeir þurfa til landfyllingar fyrir Kalkþörungaverksmiðjuna. Það er hægt að fylla aðeins upp í Pollinn og gera betri sjóvarnargarð þar svo sjórinn gangi ekki upp á Pollgötuna sjálfa þegar sú er áttin. Eins má gera betri sjóvarnargarð í Hnífsdal, veginn á leið í göngin en þar gengur sjórinn yfir með þara og grjóti þegar sú er áttin og sjógangur mikill. Og svo nota Mávagarðs tillöguna ef eitthvað efni er eftir.

Svo eru fullt af lóðum til á svæðinu sem hægt er að byggja á. Hvort sem þarf að hreinsa þær lóðir eða ekki, þá eru þær til og um að gera að nýta þær, bæði hér á eyrinni og eins í firðinum, áður en farið er í landfyllinga framkvæmdir til bygginga. Við erum ekki að fjölga það mikið að þess þurfi.

Ísafirði, 11. apríl 2023



Ísafjarðarbær
Kt 540596 - 2639
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Efni: Athugasemdir og mótmæli vegna fyrirætlaðar íbúðabyggðar á landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar, breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 — 2020

Við undirritaðir íbúar og íbúðareigendur í Fjarðarstræti 2, 4 og 6 gerum alvarlegar athugasemdir og mótmælum áformum sem fram koma í „Tillögu til auglýsingar um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 — 2020“, sem felur í sér fyrirætlaða íbúðabyggð á landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar.

Samkvæmt gögnum þessum sem unnin voru af Ísafjarðarbæ í samstarfi Verkís,¹ mun:

markmið aðalskipulagsbreytingarinnar vera að auka byggingarland fyrir íbúðir á Ísafirði. Samhliða uppbyggingu atvinnulífs og fólksfjölgun þarf að tryggja nægt og fjölbreytt lóðaframboð í samræmi við meginmarkmið aðalskipulags, húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar og Sóknaráætlun Vestfjarða

Fyrirhuguð nýting efnis sem fellur til vegna dýpkunar við Sundabakka á Ísafirði, felur í sér dælingu á sandi til landfyllingar.* Áætlað er að landfyllingin verði norðan Skutulsfjarðareyrar, nánar tiltekið frá Norðurtanga að Eyrargötu 2-4 sem er oftast er kallað Íshúsið.

M.a. kemur fram á bls. 1 í fyrrnefndum gögnum að áætlað er að megin landnotkun á fyllingunni verði íbúðabyggð sem fellur vel að núverandi byggð.

Á bls, 5 - 6 kemur fram að:

Lífsgæðin og framtíðartækifærin felast í sögu, menningu og þeim náttúruauðlindum og mannauði sem er til staðar. Áhersla er lögð á það að viðhalda þessum gæðum og takmarka ekki frelsi komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum. Jafnframt skal lögð áhersla á virka þátttöku almennings sem ber ábyrgð á þróun samfélagsins og umhverfisins.

¹ [https://www.isafiordur.is/static/files/Skipulag/Adalskipulagsbreyting/askbr-landfylli ng-eyri-id-239567-. pdf](https://www.isafiordur.is/static/files/Skipulag/Adalskipulagsbreyting/askbr-landfylli-ng-eyri-id-239567-.pdf)

Í þessum gögnum er talsvert fjallað um útivist, opin svæði, náttúru og nýtingu svæða. Það kemur m.a. fram að leitast skal við að varðveita náttúrulegt umhverfi sem leiksvæði við íbúðahverfi og að í gildandi skipulagi sé bent á ávinning útivistar m.t.t. lýðheilsu. Sérstök áhersla er lögð á aðgengi að fjöru, m.a. vegna tengsla við atvinnuhætti og sögu. Bent er á að útivistarsvæði eru oft viðkvæm, t.d. við fjöru og beri að taka tillit til þess. Gönguleið er skilgreind með fram sjónum á norðanverðri Eyrinni.

Á bls. 7 kemur fram að hlífa skuli ásýnd byggðar og lands eins og kostur er, sérstaklega náttúrulegum fjörum. Einnig kemur fram á bls. 8, að leggja skuli áherslu á aðgengi að fjörum og strandsvæðum, t.d. með lagningu göngustíga með fram sjónum og áningarstöðum við fjöruna.

Á bls. 6 kemur fram að í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir þéttingu byggðar og nýrra hverfishluta, á Suðurtanga, við Pollinn, Mávagarð og Norðan Eyrar. Óvist er þó að áfram verði gert ráð fyrir íbúðarbyggð á Suðurtanga í heildarendurskoðun aðalskipulagsins sem né er unnið að.

Á bls. 7 kemur m.a. fram að í gildandi aðalskipulagi sé gert ráð fyrir því að íbúðarsvæðin njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru.

Samkvæmt töflu á bls. 19 eru eftirfarandi þættir merktir ljósrauðir í dálkinum Norðan Eyrar, sem þýðir að þeir flokkast sem næst neikvæðastir:

- Veður
- Ágangur sjávar og sjóvarnir
- Röskun á núverandi notkun
- Áhrif á menningarverðmæti
- Áhrif á náttúru
- Breyting og ásýnd

Okkur virðist önnur svæði sem talin eru upp sem hugsanlegir kostir, hafi aðra og færri neikvæða þætti en landfylling norðan Eyrar samkvæmt þessari töflu. Okkar mat er að það eru önnur svæði sem til greina koma, þar sem áhrif á lífsgæði núverandi íbúa eru minni.

Í töflu á bls. 25 kemur m.a. fram að byggð á landfyllingu norðan Eyrar muni hafa neikvæð áhrif á aðliggjandi byggð, m.t.t. hljóðvistar og útsýnis, einkum íbúðir í Fjarðarstræti. Ásýnd núverandi byggðar muni breytast. Vanda þurfi útfærslu skipulags til að milda áhrifin.

Á bls. 27 er fjallað um að með landfyllingu norðan Eyrar verði hægt að bjóða upp á rými fyrir allt að 150 nýjar íbúðir. Þar er í upptalningu kosta við nýja byggð á landfyllingunni að útsýni af svæðinu sé gott og það liggi vel við innviðum. En jafnframt kemur fram að útsýni íbúa í Fjarðarstræti muni skerðast og umferð aukast. Núverandi útivistarfjara muni hverfa en endurheimta megi fjöruna við nýja landfyllingu. Svæðið sé nokkuð berskjaldað fyrir norðlægum áttum og taka þarf tillit til þess við hönnun byggðar og rofvarna.

Á bls. 28 kemur fram að öll landfyllingin sé skilgreind sem íbúðasvæði auk útivistarsvæða. Lögð er áhersla á aðgengi að sjónum og að fyrirhuguð byggð falli vel að núverandi byggð.

Á bls. 29 - 30 kemur fram að á eystri hluta svæðisins sé gert ráð fyrir stærri byggingum, þ.e. raðhúsum og fjölbýli. Fjölbýlishúsin skuli takmarkast við þrjár hæðir og ris. Þessi hluti hverfisins skuli vera í takt við nærliggjandi götur innan svæðis Í5. Einnig að hæð lands yfir sjó skuli miðast við viðmið Vegagerðarinnar um landhæð á lágsvæðum. Fram kemur í gögnunum að ríkjandi og oft ágeng norðanvindátt liggja inn fjörðinn.

Á bls. 30 kemur fram að í deiliskipulagi skuli gera grein fyrir mótvægisáðgerðum sem ráðist verði í til að sporna við mögulegum neikvæðum áhrifum á framkvæmdatíma og að framkvæmdum loknum. Það eigi sérstaklega við landmótun nýrrar strandlengju og aðgengi að fjörinni.

Alvarlegar athugasemdir og mótmæli frá íbúum og íbúðareigendum í Fjarðarstræti 2 - 6.

Með tilliti til þessara gagna gerum við íbúar og íbúðareigendur í Fjarðarstræti 2—6, alvarlegar athugasemdir við og mótmælum fyrirhuguðum stórtækum breytingum á lífsgæðum okkar og rýrnun á stærstu fjárfestingum okkar, sem munu verða ef af framkvæmdum verður.

Það eru enn margir óvissuþættir varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir, s.s. með byggingamagn á uppfyllingunni - deiliskipulag er ekki til staðar og þ.a.l. ekki hægt að sjá fyrir hvernig svæðið muni byggjast upp og áhrif þess á núverandi byggð. Við höfum ekki forsendur fyrir því að meta hversu mikið þessar framkvæmdir munu skerða lífsgæði og fjárfestingar okkar. En þessar framkvæmdir eru til þess fallnar að slík skerðing yrði raunveruleg.

Okkur virðist sem gert sé ráð fyrir fjölbýlishúsum á austanverðri fyllingunni, þ.e. framan við blokkina okkar - allt að 3 hæðir og ris, þ.e. sama hæð og núverandi fjölbýli við Norðurtanga.

Við höfum ekki upplýsingar um hver hæð landfyllingarinnar verður - reikna má með því að fyllingin verði hærri en núverandi landhæð.

Íbúar og íbúðareigendur í Fjarðarstræti 2, 4 og 6 hafa valið búsetu og fjárfest í fasteignum sínum út frá þáttum sem taldir eru upp í gögnunum sem kostir fyrir íbúa nýrrar byggðar sem til stendur að reisa framan við okkar eignir. Það er sérstaklega áréttað í skipulagsgögnum að til verði íbúðarlóðir með góðu útsýni. Umrætt útsýni verður tekið af núverandi eigendum og þess í stað verður útsýni á veggja þeirra bygginga sem reistar yrðu fyrir framan hús okkar.

Staðsetning og útsýni - einn helsti kostur búsetu í eignum okkar er nálægðin við sjóinn, fuglalíf í fjörinni og það stórkostlega útsýni sem við njótum. Við teljum Víst að útsýnisskerðing af völdum bygginga og aukin fjarlægð við útivistarsvæðið sem fylgdi með í kaupunum þegar við fjárfestum í eignum okkar muni rýra verðgildi og þyngja sölu á þeim.

Skerðing á lóð við blokkina okkar - við vitum ekki hve mikil hún verður.

Vöntun á upplýsingum um mat og skýrar aðgerðaráætlanir

Teljum við brýnt að mat og skýr aðgerðaráætlun liggja fyrir á ónæði, raski og fjárhagslegu tjóni sem íbúar núverandi byggðar verða fyrir:

- Það vantar mikið upp á að íbúar í Fjarðarstræti hafi upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir til þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir eða geti haft áhrif á framgang og ákvarðanir stjórnvalda.

- Ekki liggja fyrir upplýsingar um með hvaða hatti stendur til að tryggja að umhverfisáhrif tiltekinna framkvæmda hafi verið metin áður en teknar eru endanlegar ákvarðanir um leyfisveitingar.
- Ekki liggja fyrir tryggingar fyrir því að almenningur hafi kost á því að taka þátt í og hafa áhrif á umhverfismat framkvæmda.
- Ekki liggur fyrir hvernig bregðast má við fyrirsjáanlegum neikvæðum afleiðingum með mótvægisáðgerðum og við hönnun framkvæmda.
- Ekki liggur fyrir hversu langur framkvæmdatími er áætlaður.
- Ekki liggur fyrir hversu mikið rask verður á lífsgæðum íbúa á framkvæmdatíma, hvaða daga vikunnar verði unnið að framkvæmdum og á hvaða tíma sólarhringsins.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um að rask vegna hávaða á framkvæmdatíma verið metið og hvernig muni verða brugðist við því.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu langur tími er áætlaður þar til ný fjara og aðstaða til útivistar s.s. göngustígar ofl. sem nú er til staðar, verði tilbúið.

*Íbúar á eyrinni hafa nú þegar reynslu af sandfoki vegna landfyllingar á Suðurtanga. Hér hafa bílar verið þaktir óhreinindum á bílastæðum blokkarinnar, við sjáum mikið ryk á svölum og rúðum auk þess að hús og götur á eyrinni hafa verið skítugri í vetur en áður hefur orðið vart við.

Við höfum miklar áhyggjur af því raski sem verður á framkvæmdatíma - reikna má með miklum sandburði í og við núverandi byggð á framkvæmdatímanum - jafnt hús sem bílar íbúa verða undir álagi. Jafnvel að sandfok valdi skemmdum í þeirri sterku norðanátt sem oft ríkir á svæðinu, eins og fram kemur í gögnum. Við höfum ekki upplýsingar um mótvægisáðgerðir vegna þessa eða hvort og þá hvernig við erum tryggð fyrir slíku tjóni.

Það sem snýr að almenningi og við sjáum að geróar hafa verið athugasemdir við áður, getum við tekið undir, s.s. vinsældir fjörunnar hjá kennurum og leik- og grunnskólabörnum sem nýta fjöruna sem „skólastofu án veggja“ þar sem þau læra á nærumhverfi sitt og sérstöðu þess, sem og menningararf. Má þar nefna fjölbreytt fuglalíf, nokkrar fuglategundir sækja í æti í og við fjöruna. Fjaran og göngustígurinn eru mikið notuð af íbúum almennt, hundaeigendum og ferðafólki, t.d. farþegum úr skemmtiferðaskipunum sem fjölga enn á milli ára. Það eru ekki margar fjörur í og við bæinn okkar og þess vegna er þetta mikilvægur vettvangur.

Sem almennir íbúar og notendur göngustígsins með fram fjörunni norðan megin á eyrinni, veltum við fyrir okkur hvort það sé tryggt að frá gróf-hreinsistöð fyrir fráveitu við íshúsið muni ekki berast óþefur sem virðist oft fylgja slíkum mannvirkjum.

Undirskriftir:

Þorbildur Sigurdardóttir	310363-7669
Hafþór Smári Snorrason	110500-3780
Smorrá Eldínar Jónsson	191256-2129.
Sveinn S. Sigurgenst.	130750-6809
Ástvaldur Ólafsson	291255-7049
Jenny Helga Breiðfjörð	190937-2599
Birgi Jónsson	030848-4039
Þinnur H. Petursson	230146-3659.
Ástvaldur Jón Þórhildsdóttir	040956-4419
Þinnur Jónsdóttir	040756 3969
Þinnur H. Magnússon	240249 2789;
Jónna Baldursdóttir	760765-3139
Halldór Þ. Egilsson	150353 4759.
Guðrún S. Björnsd.	10 1057-6079
Margrét Kristjánsd.	061268-3839
Þelma Þórunnsd.	060951-3499.
Damian Kowal	080885-4589
Ástvaldur Þórhildsson	060764-5499
Ingibjörg Þórhildsdóttir	260265-3269
Heiðis Ópp Agnar	070579-4219
Ragnheiður Þórhildsdóttir	280375 5359
Rosa María Karlsd.	100568-4549
Þinnur Þórhildsson	120662-2449

Undirskriftir:

Santa Svan-Ann	141066-3909
Jolanta Korsal	050384-4549
Jahub W. Soukuy	020186-4539
Joanna Zielinska	070994-4459
Steffell Parilla	300984-3639
Blossed Parilla	180102-3450
Verly Bacalso	061074-2449
Bjamey Hannelser	290485 4449
Higfríður Fugibjörg Karlsdóttir	140257-5249
Jakob Jónsson	010849-4469
Melgohate Sule	140174-2624
Lucy Bacalso	051175-4689
Prapaporn Thanrasa	170792-5059
Sara Dögg Ragnarsd.	090400-2820
Jón Björnsson	300658-5049

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

skipulag@isafjordur.is

Ísafjörður 2. Maí 2023

Athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna íbúðarbyggðar á landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar

1 Inngangur

Vísað er til auglýsingar, dags. 3. mars sl., á heimasíðu Ísafjarðarbæjar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna íbúðabyggðar á landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar þar sem gefinn er kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til 20. apríl 2023. Sá frestur var síðar framlengdur til 2. maí 2023.

Tillagan er dagsett 2. desember 2022 („breytingartillagan“) en áður hafði sambærileg vinnslutillaga verið auglýst 16. maí sama ár.

Í inngangi breytingartillögunnar kemur fram að markmið aðalskipulagsbreytingarinnar sé að auka byggingarland fyrir íbúðir á Ísafirði og fyrirhugað að nýta efni í landfyllinguna sem fellur til vegna dýpkunar við Sundabakka á Ísafirði. Landfyllingin verði norðan Skutulsfjarðareyrar, nánar tiltekið frá Norðurtanga að Eyrargötu 2-4 (Íshúsinu).

Kerecis hf. sem rekur mikilvæga starfsemi á Ísafirði, m.a. á Sundstræti 38 og Eyrargötu 2-4 telur tilefni til að koma eftirfarandi alvarlegum athugasemdum á framfæri vegna þeirra áhrifa sem bæði framkvæmdin og fyrirhugaðar breytingar munu hafa á starfsemi og hagsmuni félagsins og leggst gegn framkvæmdinni.

2 Athugasemdir vegna landfyllingar norðan Eyrar

2.1 Áhrif á framkvæmdartíma

Í breytingartillögunni kemur fram að fyrirhuguð landfylling sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda þar sem hún sé undir 5 ha að umfangi. Aðalskipulagsbreytingin feli ekki í sér landnotkun sem kalli á mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þó liggur fyrir mat á umhverfisáhrifum vegna dýpkunar við Sundabakka á Ísafirði.

Í auglýsingu til aðalskipulagsbreytinga er nánast ekkert vikið að því hvernig framkvæmdinni verður háttað og þá sérstaklega hvaða umhverfisáhrif er um að ræða á framkvæmdartíma. Athygli vekur að ekki virðast hafa verið metin ólík umhverfisáhrif hinna ólíku kosta meðan á framkvæmdartíma stendur, en þar hlýtur landfylling norðan Eyrar að teljast lakasti kosturinn m.t.t. akstursleiða með efni og rasks fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.

Forsvarsmenn Kerecis hf. hafa þegar komið á framfæri við Ísafjarðarbæ verulegum áhyggjum af þessum umhverfisáhrifum, en framleiðslustöðvar fyrirtækisins liggja við sitthvorn enda

framkvæmdasvæðisins. Þegar spurt hefur verið nánar út í akstursleiðir og fyrirkomulag hefur verið lítið um svör þar sem framkvæmdin hefur ekki verið skipulögð að neinu marki. Í ljósi viðkvæmrar lækningavöruframleiðslu Kerecis hf. er full ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af sandfoki í ríkjandi vindáttum, en einnig titringi af þungum efnisflutningum. Þá liggur ekkert fyrir um hvernig framkvæmdum verði háttað á landfyllingunni, m.a. um hvers konar vinnuvélar verða á svæðinu.

Mótvægisáðgerðir eru jafnframt alls óljósar á þessu stigi málsins og ógerningur að fá vissu fyrir því að þær verði fullnægjandi.

Af fyrirliggjandi tillögu er ljóst að ekki hefur farið fram fullnægjandi skoðun og athugun á áhrifum framkvæmdarinnar á svæðið við Eyrina. Mikilvægt er að lagt verði nánara mat á framkvæmdina og áhrif hennar á svæðið áður en ráðist verður í slíkar umfangsmiklar framkvæmdir með tilheyrandi raski til að tryggja að dregið verði eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á umhverfið og ráðstafanir gerðar til að lágmarka óhagræði fyrir íbúðabyggð og starfsemi á svæðinu.

Verðmæti framleiðslu Kerecis á Ísafirði á árinu 2023 er áætlað 20 milljarðar króna og á árinu 2024 yfir 30 milljarðar. Til að setja þessar upphæðir í samhengi við aðra verðmætasköpun á Íslandi þá samsvara þessari upphæðir vel rúmlega 10% heildarverðmætis allt þorskútflutnings Íslensku þjóðarinnar. Það er gríðarlega mikilvægt að þessi framleiðsla verði ekki fyrir hinni minnstu truflun.

2.2 Staðarval og rökstuðningur

Í greinargerð með auglýsingunni kemur fram að fjórir kostir hafi fyrst verið metnir út frá ýmsum þáttum, og þeim gefnar einkunnir fyrir hvern þátt. Séu einkunnir reiknaðar saman fæst eftirfarandi niðurstaða:

Suðurtangi:

Fýsileiki: 3

Áhrif: -2

Samtals: 1

Pollur

Fýsileiki: 0

Áhrif: 3

Samtals: 3

Mávagarður

Fýsileiki: 1

Áhrif: -1

Samtals: 0

Norðan Eyrar

Fýsileiki: 1

Áhrif: -1

Samtals: 0

Út frá þessu eru Pollur og landfylling norðan Eyrar metnir bestir og Suðurtangi metinn lakastur þótt mat einstakra þátta gefi augljóslega annað til kynna. Ekki er gerð grein fyrir mögulegu ólíku vægi einstakra flokka, eða huglægu mati sem gæti hafa spilað inn í. Gegnsæi matsins er því verulega ábótavant og í raun illskiljanlegt hvernig komast má að þessari niðurstöðu miðað við gefnar forsendur.

Því næst voru þessir tveir flokkar sem einhvern veginn voru metnir bestir bornir saman við gildandi skipulag og stækkun Holtahverfis. Séu einkunnir reiknaðar fæst eftirfarandi niðurstaða:

- Gildandi skipulag og stækkun Holtahverfis: 4
- Landfylling norðan Eyrar: 2
- Landfylling í Polli: 2

Að þessu sögðu er erfitt ef ekki ómögulegt að sjá hvernig samanburður þessara ólíku kosta leiðir í ljós að landfylling norðan Eyrar sé fýsilegasti kosturinn.

Samkvæmt tillögnum er ljóst að landfylling í Pollinum hefur t.a.m. heildstætt mun minni neikvæð áhrif á umhverfið. Sú mikla röskun sem verður bæði fyrir íbúa og atvinnustarfsemi við Eyrina verði landfylling þar að veruleika getur því ekki réttlætt að lagt sé í svo umfangsmikla framkvæmd þegar aðrir kostir eru í boði sem hafa minni áhrif í för með sér. Þá er rétt að minna á að í gildandi aðalskipulagi er lögð rík áhersla á varðveislu Eyrarinnar og yfirbragðs hennar og er hluti hennar hverfisverndaður. Ekki verður séð að tekið sé nægjanlegt tillit til sérstöðu svæðisins við samanburð á framangreindum kostum.

Jafnframt er ljóst að áhrif af landfyllingu norðan Eyrar hafa ekki verið metinn með fullnægjandi hætti. Undir liðnum: „Röskun á núverandi landnotkun og starfsemi“ segir m.a.:

*Hefur truflandi áhrif á núverandi íbúðarbyggð vegna aukinnar umferðar, ásýndarbreytingar og skerts útsýnis. Útivistarsvæði íbúa raskast eða breytist. Hverfisverndarsvæði nær alveg að landfyllingu sem getur haft áhrif á það. **Raskar ekki atvinnustarfsemi.** Eflir miðsvæðið.²*
[Áherslubreyting hér]

Óljóst er hvað býr að baki þeirri niðurstöðu í tillögnum að breytingarnar raski ekki atvinnustarfsemi á Eyrinni enda verður ekki séð að eitthvert mat eða athugun hafi átt sér stað á þeirri starfsemi sem er á svæðinu, m.a. starfsemi Kerecis hf., áður en tillagan var lögð fram.

Félagið hefur eins og áður sagði bent sveitarfélaginu á að slíkar breytingar munu hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins einkum vegna aukinnar umferðar um svæðið, rykmengunar sem stafar af landfyllingunni en einnig vegna ásýndarbreytinga og skerts útsýnis þar sem félagið á eins og aðrir á svæðinu hagsmuna að gæta.

Kerecis hf. bendir á að starfsemi félagsins er mjög viðkvæm fyrir hvers konar breytingum í umhverfi starfsstöðva þess. Uppbygging félagsins á undanförunum misserum, þar á meðal búnaður og starfsemi, tekur þannig mið af núverandi umhverfi. Strangar kröfur eru gerðar til starfsemi félagsins og lýtur það eftirliti eftirlitsaðila sem taka reglulega út starfsemina. Hvers kyns breytingar á umhverfi

² Sjá töflu á bls. 40.

svæðisins, svo sem loftgæðum og umferð með tilheyrandi mengun og titringi á svæðinu, geta því haft veruleg áhrif á starfsemina.

Rétt er að halda til haga að í matsskýrslu vegna dýpkunar við Sundabakka er sérstaklega bent á að búast megi við að fínefni fjúki í miklum vindi með tilheyrandi skerðingu á loftgæðum verði ekki farið í mótvægisáðgerðir. Komið verði í veg fyrir það með uppgræðslu og mögulega vökvun en mikilvægt sé að nota tegundir til uppgræðslu sem taka fljótt við sér, dafna í sandi og þola seltu.³

Ekki er fjallað frekar um mótvægisáðgerðir í skýrslunni um dýpkun við Sundabakka eða í þeirri breytingartillögu sem nú liggur fyrir. Ljóst er að breytingarnar munu hafa neikvæð áhrif á loftgæði, bæði á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum lýkur, enda verður landfylling af þessari stærð eðli máls samkvæmt ekki grædd upp nema á löngum tíma. Ljóst er að mótvægisáðgerðir geta því ekki komið í veg fyrir slík neikvæð áhrif þótt mögulegt sé að takmarka þau að einhverju marki.

3 Áhrif á núverandi byggð og andstaða íbúa

Allir uppbyggingarkostir hafa augljóslega áhrif á núverandi byggð og enginn þeirra er óumdeildur. Það verður að teljast augljóst að ásamt Mávagarðskosti er uppfylling norðan Eyrar sá valkostur sem hefur mest áhrif á þá sem fyrir búa og starfa á svæðinu. Andstaða íbúa hefur komið skýrt fram í ræðu og riti, m.a. á kynningarfundum sem haldinn var í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði á síðasta ári og undirskriftarlista um 160 barna sem mótmæltu áformunum, enda um verðmætt leiksvæði fyrir þau að ræða. Þó gera megi ráð fyrir því að útivistarfjaran myndist aftur með tíð og tíma, má minna á að það tók um tvo og hálfan áratug fyrir fjöruna að ná núverandi stærð eftir að farið var í grjótnarnir við Fjarðarstræti.

Fyrir utan augljós áhrif á íbúa í Fjarðarstræti, má nefna að með því að reisa tæplega 400 íbúa byggð á svæðinu má gera ráð fyrir að Sólgrata og Hrannargata verði endanlega festar í sessi sem stofnbrautir með óumdeilanlega auknum umferðarþunga um þessar tvær þröngu íbúagötur.

4 Ímynd Ísafjarðar

Kerecis byggir markaðssetningu sína að miklu leyti á ímynd Ísafjarðar og nýtir talsvert myndefni af Eyrinni þar sem samfelld byggð gamalla húsa, lögun Eyrarinnar og útsýni að Snæfjallaströnd spila saman. Forsvarsmenn fyrirtækisins eru stoltir af uppruna þess á Ísafirði og flagga honum í hvítvetna. Breyting þessa hluta bæjarins í framkvæmdasvæði skemmir þessa ímynd að nauðsynjalausu, þegar aðrir og betri valkostir fyrir landfyllginu eru í boði.

5 Lokaorð

Framan af bar sú tillaga sem nú liggur fyrir um breytingar á aðalskipulagi þess augljós merki að drífa þyrfti málið áfram svo hægt væri að nýta efni úr fyrirhugaðri uppdælingu við Sundabakka. Sá tími er liðinn samkvæmt þeim upplýsingum sem fengist hafa frá Ísafjarðarbæ og samhengi tillagnanna því

³ Sjá bls. 56 og áfram.

orðið annað og málið orðið langtímahugsun, svo vísað sé til orða formanns bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar þann 5. janúar sl.

Ljóst er að þær forsendur sem lagt var upp eru ekki lengur til staðar og því mikilvægt að betra samráð verði haft við hagsmunaaðila á svæðinu og fullnægjandi grundvöllur lagður að málinu áður en ráðist er í slíkar breytingar og þannig stuðlað að meiri sátt um málið.

Með það í huga og að öllu því sem að framan hefur verið nefnt, teljum við að í þetta sinn sé betur heima setið en af stað farið og leggjumst gegn framkvæmdinni. Skorum við á kjörna fulltrúa að hugsa málið betur og skoða aðra kosti með opnari huga en við teljum að hafi verið gert í þessu vinnuferli.

Virðingarfyllt,

f.h. Kerecis hf.



Guðmundur Fertram Sigurjónsson, framkvæmdastjóri